

Sp.

251. Tillaga til þingsályktunar

[234. mál]

um áætlun um landkynningu að loknum leiðtogafundi stórveldanna.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Haraldur Ólafsson,
Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að gerð verði og framkvæmd skipulega sérstök áætlun um kynningu erlendis á íslenskri vöru, þjónustu og ferðamálum í því skyni að nýta þann byr sem við Íslendingar fengum í fréttaljósi leiðtogafundarins.

Greinargerð.

Leiðtogafundur stórveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem haldinn var hér á landi dagana 11. og 12. október, vakti heimsathygli. Ísland var miðpunktur heimsfréttanna í tilefni fundarins. Leiðtogar stórveldanna, fulltrúar erlendra fjölmiðla og aðrir þeir sem tjáðu sig um allt fyrirkomulag vegna fundarins luku upp einum munni og báru lof á Íslendinga fyrir frábært skipulag, ekki síst með það í huga hversu skammur tími var til undirbúnings. Þeim Íslendingum, sem staddir voru erlendis og fylgdust með fréttum erlendra fjölmiðla héðan, ber saman um að í öllum meginatriðum hafi kynning á landi og þjóð verið mjög jákvæð. Á þeim vikum, sem liðnar eru síðan, hafa Íslendingar, sem ferðast hafa erlendis, orðið greinilega varir við að meiri áhugi ríkir á Íslandi og því sem íslenskt er en áður var. Hinar fjarlægustu þjóðir vita deili á landi okkar og þjóð úti við nyrsta haf. Staðreyndin er sú að hér var á ferðinni einhver mesta og besta auglýsing sem okkur gat hlotnast og ómögulegt er að meta til hlítar þótt nefndar hafi verið svimandi fjárhæðir í því sambandi.

En hvert verður framhaldið? Hvernig getum við best fylgt eftir þeirri miklu og góðu landkynningu þannig að við höldum vakandi vitund heimsins um að við getum ýmislegt og höfum margt að bjóða, vörur, þjónustu og ferðir, og erum reiðubúin að leggja okkur fram? Við höfum hreinlega ekki efni á því að glutra niður gullnu tækifæri. Hér þarf til að koma frumkvæði, vinna, fjármagn, en umfram allt skipuleg vinnubrögð.

Þessi tillaga til þingsályktunar gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að kveðja saman þá sem vinna að útflutnings-, markaðs- og ferðamálum til þess að leggja á ráðin um skipulegt átak á ofangreindum sviðum með hliðsjón af fréttaljósi leiðtogafundarins.